

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



Dags eftirlits	22.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Þernunesi	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Sorpstöð Fjarðabyggðar	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4706982099	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Íris Dögg Aradóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	741265,622 507688,102

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirlitinu, en skráningum á sigi og útreikningum á uppgufun var ekki skilað með öðrum skráningum fyrir árið 2021. Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu, starfsleyfishafa er annars vegar bent á að fara yfir hvaða efni skal mæla í sigvatni frá urðunarstaðnum og hins vegar að koma olútanki á urðunarstaðnum fyrir þannig að ekki sé hætt á að hann verði fyrir hnjaski. Auk þess er opið frávik úr eftirliti 1.6.2021, vegna skila á gögnum fyrir árið 2020.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn á urðunarstað Fjarðabyggðar, Þernunesi. Fjarðabyggð er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 6. febrúar 2020. Samkvæmt því er heimilt að taka á móti að hámarki 3.000 tonnum af úrgangi á ári.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Tekið var á móti tæplega 2.900 tonnum af úrgangi árið 2021.

Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun sem unnið var eftir, vegna fráviks í eftirliti ársins 2021, átti að senda gögn sem ekki var skilað á tilskildum tíma það ár, þ.e. fyrir 1. maí 2021, með gögnum sem skilað var fyrir 1. maí 2022. Enn hefur gögnunum ekki verið skilað.

Gögnum vegna ársins 2021 var skilað á tilskildum tíma, að undanskildum skráningum á mældu sigi á urðunarstaðnum og útreiknaðri uppgufun frá urðunarstaðnum. Starfsleyfishafa er auk þess bent á að fara yfir hvaða efni skal mæla í sigvatni frá urðunarstaðnum.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

5. Skoðunarferð

Urðunarstaðurinn var skoðaður. Umgengni var mjög góð á svæðinu. Allur almennur og grófur úrgangur er urðaður í sömu gryfju en blautur úrgangur er þurrkaður í sérstökum gryfjum sem svo er mokað úr og uppmoksturinn urðaður í sömu gryfju og annar úrgangur.

Laus olútankur er á svæðinu og er starfsleyfishafa bent á að koma honum fyrir þannig að hættu sé lágmörkuð á að hann verði fyrir hnjaski.

gr. 4.4 og 4.1 í starfsleyfi


Mæla skal sig á urðunarstaðnum og reikna daglega uppgufun, og senda Umhverfisstofnun niðurstöður með öðrum skráningum.

ÁBENDINGAR

Í gr. 4.2 í starfsleyfi eru talin upp þau efni sem mæla á í sigvatni frá urðunarstaðnum. Lágmarka þarf hættu á að olíutankur sem notaður er á svæðinu verði fyrir hnjaski.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.12.2022


Freyr Evarsson

